



04.06.15

Atvinnuveganefnd
Alþingi
150 Reykjavík

Efni: umsögn Grundarfjarðarbæjar um tillögu til þingsályktunar. Þingskjal 1362 og mál 775

Með þingsályktunartillögu, sem liggur fyrir Alþingi, um áætlun um meðferð og ráðstöfun aflamagns sem dregið er frá heildarafla skv. 5. mgr. 8.gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 er gerð tillaga um ráðstöfun þess aflamagns sem þannig fæst til stuðnings byggðarlögum.

Samkvæmt lögnum skal ráðstafa 5,3 % af leyfilegum heildarafla til sérstakra atvinnu-, félags- og byggðaráðstafana. Ráðherra ber að ákvarða hvernig þessum aflaheimildum verði ráðstafað með það að markmiði að hámarka atvinnu-, félags- og byggðaaáhrif af ráðstöfun heimildanna.

Fram kemur í athugasemdum með þingsályktunartillögunni að ekki hefur tekist að ljúka greiningu á þeim ráðstöfunum sem í gildi eru við nýtingu þessara heimilda til byggðapróunarverkefna í dag. Slík greining hlýtur þó að vera grunnforsendan fyrir því að gera miklar breytingar á því fyrirkomulagi sem í gildi er.

Hér eru gerðar verulegar athugasemdir við þá tillögu sem lögð er fram um skel- og rækjubætur. Í tillögunni er ráðgert að skel- og rækjubætur lækki um þriðjung og stefnt er að því að þær falli niður á næstu þremur árum.

Ákvæði af þessum toga hefur veruleg byggðaröskunaráhrif á svæðum þar sem þessar veiðar hafa verið ein af stoðunum undir veiðum og vinnslu. Aðgerð þessi hefur verulega íþyngjandi áhrif í sveitarfélagi eins og Grundarfjarðarbæ og vísast til öðrum samfélögum við Breiðafjörðinn. Tillögu þessari er því harðlega mótmælt hér og óskað eftir því að bæturnar verði áfram með sambærilegu sniði og þær hafa verið. Hér er sérstaklega bent á mikilvægi þess að fyrir liggji rannsókn á áhrifum aðgerðarinnar á byggðapróun áður en svona veigamikil breyting er gerð án þess að mótvægisáðgerðir fylgi með.

Jafnframt er hér gerð athugasemd við það að heimildir í almennum byggðakvóta verði lækkaðar eins og hugmyndin er til aukningar á sérstökum byggðakvóta

Byggðastofnunar. Byggðakvóti hefur nýst með ágætum í þeim byggðarlögum þar sem hann hefur verið nýttur til samræmis við gildandi lög og reglur þar um. Röskun af þessum toga gæti hugsanlega leitt til þess að fleiri byggðalög þyrftu þá á sérstökum byggðaaðgerðum að halda svo sem gert er í gegnum hinn sérstaka byggðakvóta Byggðastofnunar.

Aðgerðir stjórnvalda mega ekki vera á þann veg að fjölga þeim sveitarfélögum sem þurfa á sérstakri aðstoð að halda við atvinnuuppbyggingu heldur hlýtur markmiðið að vera að auka möguleika sveitarfélaganna til sjálfbærni í atvinnuuppbyggingu í viðkomandi byggðum.

Vonast er til að að stjórnvöld taki tillit til þeirra ábendinga sem hér eru fram settar og að tillaga sjávarútvegsráðherra um ráðstöfun á þessum sérstöku aflaheimildum verði lagfærðar með tilliti til þess.

Með bestu kveðjum,



Þorsteinn Steinsson
Bæjarstjóri
Grundarfirði



Bæjarstjórn
Grundarfirði

Samrit: Sjávarútvegsráðherra